

Hafnarfjarðarbær
Þórmóður Sveinsson
Strandgata 6
220 Hafnarfjörður

Reykjavík, 12. maí 2016
Tilvísun: 201605010 / 3.5

**Efni: Breyting á deiliskipulagi Skarðshlíðar (áður Valla 7), 1. áfanga,
Hafnarfjarðarbær**

Hafnarfjarðarbær hefur, með erindi dags. 28. apríl 2016, sent Skipulagsstofnun breytingu á deiliskipulagi Skarðshlíðar (áður Vellir 7), 1. áfanga, til yfirferðar samkvæmt 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga og var málsmeðferð skv. 1. mgr. 43. gr. laganna. Athugasemdafresti lauk 4. apríl 2016. Deiliskipulagsbreytingin var samþykkt í bæjarstjórn 27. apríl 2016 ásamt umsögn skipulagsfulltrúa um framkomnar athugasemdir, dags. 12. apríl 2016.

Deiliskipulagsbreytingin felst í heildarendurskoðun 1. áfanga, sem afmarkast af Ásvallabraut, Stuðlaskarði, Hraunskarði og stofnanalóð sunnan og vestan Hádegisskarðs. Breytingar eru gerðar á götum, lóðum, staðsetningu og skilmálum bygginga, stígum, leik- og útírýmum. Lóð fyrir leikskóla er breytt í íbúðarlóð og lóð hjúkrunarheimilis breytt í lóð fyrir grunn- og leikskóla.

Deiliskipulagsbreytingin er sett fram á kortblaði með uppdrætti í mkv. 1:1.000, dags. 19. febrúar 2016 og í greinargerð (útgáfa 04) með sömu dagsetningu.

Skipulagsstofnun hefur yfirfarið framlögð gögn og gerir ekki athugasemd við að sveitarstjórn birti auglýsingu um samþykkt deiliskipulagsbreytingarinnar í B-deild Stjórnartíðinda.


Hlynur Torfi Torfason